

# Skipulags- og byggingarfulltrúinn í Eyja- og Miklaholtshreppi og Helgafellssveit

---

## 16. fundur skipulags- og byggingarnefndar Eyja- og Miklaholtshrepps og Helgafellssveitar.

Fundurinn var haldinn þriðjudaginn 26. október 2010 að Þverá í Eyja- og Miklaholtshreppi og hófst kl. 21:00.

### Mættir voru:

Halldór Jónsson, Þverá.

Benedikt Benediktsson, Saurum.

Jóhannes Eyberg Ragnarsson, Hraunhálsi.

Próstur Aðalbjarnarson, Stakkhamri.

Jökull Helgason, skipulags- og byggingarfulltrúi, sem einnig ritaði fundargerð.

Formaður bauð fundarmenn velkomna og setti fund.

### Dagskrá fundarins:

1. Erindi dags. 27.09.2010 frá Ingunni Hrefnu Albertsdóttur, Holti.  
Sótt er um leyfi fyrir uppsetningu á ljósaskilti í stað eldra skiltis sem fyrir er á bílaplani á lóðinni. Flatarmál nýja skiltisins er svipað því gamla ca. 2.56 m á breidd og 1.02 m á hæð, flatarmál 2.6 fermetrar.  
**Samþykkt.**
2. Erindi dags. 18.10.2010 frá Auðunni Hálfánarsyni f.h. Vegagerðarinnar.  
Sótt er um leyfi fyrir námu / bergskeringu, vegna endurnýjunar brúar yfir Haffjarðará. Jafnframt er óskað eftir að umrædd náma verði skilgreind í aðalskipulagi sveitarfélagsins en áætlað magn úr þessari skeringu/ námu er 10.000 m<sup>3</sup> af bergi.  
Með erindinu fylgdi loftmynd dags. október 2010.  
**Samþykkt.**
3. Erindi dags. 18.10.2010 frá Auðunni Hálfánarsyni f.h. Vegagerðarinnar.  
Sótt er um framkvæmdaleyfi vegna vegagerðar Snæfellsnesvegur nr. 54 og nýrrar brúar yfir Haffjarðará.  
**Samþykkt að fela skipulags- og byggingarfulltrúa að sækja um til Umhverfissráðuneytisins um undanþágu frá skipulagi skv. 2. tl. ákvæðis til bráðabirgða í skipulags- og byggingarlögum nr. 73/1997 og að afla umsagnar Skipulagsstofnunar vegna málsins skv. 3. tl. ákvæðis til bráðabirgða í skipulags- og byggingarlögum nr. 73/1997 og gefa út framkvæmdaleyfi á grundvelli þess. Í tengslum við útgáfu framkvæmdaleyfisins verði kveðið á um frágang girðinga á svæðinu.**
4. Erindi dags. 15.10.2010 frá Borghildi Sölvey Sturludóttur f.h. landeigenda á Vegamótum.  
Sótt er um leyfi fyrir viðbyggingu við Vegamót. Um er að ræða geymsluhúsnæði/kæli, stærð 10,5 x 3,26 m = 34,2 m<sup>2</sup>. Með erindinu fylgdu byggingarnefndarteikningar dags. 13.10.2010 frá Ba-ark teiknistofu.  
**Samþykkt.**

# Skipulags- og byggingarfulltrúinn í Eyja- og Miklaholtshreppi og Helgafellssveit

---

5. Erindi dags. 01.10.2010 frá Eggerti Kjartanssyni, Hofstöðum.  
Sótt er um leyfi fyrir stofnun 10,7 ha spildu úr landi Hofstaða. Með erindinu fylgdi uppdráttur dags. febrúar 2010 unnin af Ólafi K. Guðmundssyni.  
**Samþykkt.**
6. Erindi dags. 29.09.2010 frá Eggerti Kjartanssyni, Hofstöðum f.h. landeigenda.  
Sótt er um leyfi fyrir stofnun lóðar úr landi Dals / Hofstaða. Með erindinu fylgdi uppdráttur dags. september 2010 unnin af Ólafi K. Guðmundssyni.  
**Samþykkt með fyrirvara um leyfi landeiganda.**
7. Erindi dags. 17.08.2010 frá Þresti Aðalbjarnarsyni, Stakkhamri.  
Sótt er um leyfi fyrir breytingu á áður samþykktu byggingarleyfi. Um er að ræða korngeymslu 5,4 x 12 m eða 64,8 m<sup>2</sup>. Húsið er byggt utanum gáma, steypfir veggir verða upp með hliðum gámana, ofaná þá koma bárujárnsklæddir timburveggir, þak klætt bárujárni. Með erindinu fylgdu uppdrættir frá Byggingarþjónustu bændasamtaka Íslands.  
Þröstur Aðalbjarnarson vék af fundi við afgreiðslur málsins.  
**Samþykkt.**
8. Erindi dags. 11.09.2010 frá Herði Gunnari Ingólfssyni, Stykkishólmi.  
Sótt er um stofnun nýrrar 8,5 ha spildu úr landi Hrísa. Umrædd lóð óskast jafnframt samræmd lóðinni Hellulandi. Helluland er nú 25 ha en verður eftir samrunan 33,5 ha. Með erindinu fylgdi uppdráttur dags. september 2010, móttækinn 14.10.2010 unnin af Ólafi K. Guðmundssyni.  
**Samþykkt.**
9. Erindi dags. 12.08.2010 frá Jörundi Svavarssyni, Hrásakoti.  
Sótt er um leyfi til að rífa fjós og geymslu að Völlum, sem hvorutveggja eru sambyggð við hlöðu á staðnum. Um er að ræða mannvirki sem byggð eru úr vikursteypu en þak klætt bárujárni.  
Matshluti 03-0101, fjós, stærð 10,9 x 7,1 m = 77,4 m<sup>2</sup>.  
Matshluti 08-0101, véla- og verkfærageymsla, stærð 10,9 x 3,3 = 36 m<sup>2</sup>.  
Með erindinu fylgdi uppdráttur dags. desember 1985 unnin af Ólínu Gunnlaugsdóttur.  
**Samþykkt.**
10. Erindi frá Pétri Geirssyni, Egilsgötu 16, Borgarnesi.  
Óskað er eftir afstöðu nefndarinnar til að færa áður samþykkt hús á annan byggingarreit á spildu úr landi Innri-Kónsbakka, Innra-Kónsbakkaland Inr. 188483.  
**Hafnað.**
11. Erindi dags. 30.08.2010 frá Pétri Kristinssyni hdl., Aðalgötu 2, Stykkishólmi, f.h. Vakurs ehf kt. 590500-2910 landeiganda að Kljá.  
Sótt er um leyfi fyrir stofnun 5,3 ha lóðar úr landi Kljárs. Með erindinu fylgdi hnitsettur afstöðuuppdráttur dags. 19.08.2010 unninn af Landlínunum í Borgarnesi.  
**Samþykkt.**

# Skipulags- og byggingarfulltrúinn í Eyja- og Miklaholtshreppi og Helgafellssveit

---

12. Erindi dags. 22.10.2010 frá Álfgeiri Marinóssyni, Skúlagötu 6, Stykkishólmi. Sótt er um stöðuleyfi fyrir 87,2 m<sup>2</sup> íbúðarhúsi á 22,3 ha spildu úr landi Gríshóls. Um er að ræða timburhús. Með erindinu fylgdi afstöðuuppdráttur af lóð dags. 02.10.2010 unnin af Ásgeiri Gunnari Jónssyni og bráðabirgðateikning af íbúðarhúsi dags. 26.08.2002 unnin af Artík teiknistofu.  
**Samþykkt að veita stöðuleyfi til eins árs í námu sem fyrir er á svæðinu. Leyfið er veitt til að brúa tímabundið bil á meðan unnið er að skipulagi svæðisins.**
13. Erindi frá Benedikt Benediktssyni, Saurum. Sótt er um stöðuleyfi fyrir íbúðargámi í landi Saura. Húsið verður staðsett vestan við hlöðugafli á bæjarhlaðinu. Benedikt Benediktsson vék af fundi við afgreiðslu málsins.  
**Samþykkt að veita stöðuleyfi til eins árs, enda sé verið að brúa tímabundið bil hjá umsækjanda.**
14. Erindi dags. 25.10.2010 frá Þorsteini Magnússyni f.h. Frúarstígs 1 ehf, kt. 550508-1410, Frúarstíg 1, Stykkishólmi. Sótt er um byggingarleyfi fyrir sumarhúsi á lóðinni Birkilundi nr. 8 í landi Saura í Helgafellssveit. Um er að ræða timburhús 6,3 x 9,8 m eða 61,7 m<sup>2</sup> að grunnfleti, klætt loftaðri timburklæðningu, þak klætt bárustáli. Undirstöður eru steinsteypar. Húsið er þegar byggt og er tilbúið til flutnings. Benedikt Benediktsson vék af fundi við afgreiðslu málsins.  
**Samþykkt.**
15. Erindi frá Jóhannesi Eyberg Ragnarssyni f.h. landeiganda. Óskað er eftir sameiningu jarðanna Staðarbakka og Sólbakka í eina jörð, undir nafninu Staðarbakki. Skv. ákvæðum jarðalaga nr. 81 frá árinu 2004, þarf umsögn sveitarstjórnar að liggja fyrir vegna sameiningu á landi tveggja jarða. Jóhannes Eyberg Ragnarsson vék af fundi við afgreiðslu málsins.  
**Samþykkt.**
16. Erindi dags. 29.09.2010 frá Eggerti Kjartanssyni, Hofsstöðum f.h. landeiganda. Sótt er um leyfi fyrir stofnun lóðar úr landi Horns. Með erindinu fylgdi uppdráttur dags. september 2010 unnin af Ólafi K. Guðmundssyni.  
**Samþykkt með fyrirvara um leyfi landeiganda.**
17. Erindi dags. september 2010 frá Verkfræðistofu Hauks Ásgeirssonar, Dalvegi 18, 201 Kópavogi f.h. Miðhrauns 2 í Eyja- og Miklaholtshreppi. Sótt er um leyfi fyrir breytingu á áður samþykktu byggingarleyfi fyrir kæligeymslu að Miðhrauni 2. Með breytingunni felst að húsið er stækkað og hækkað auk breytinga á útliti, innra skipulagi og staðsetningu hurða. Að auki verður steyppt plan framan við gafi hússins 7,88 x 12,0 m = 94,6 m<sup>2</sup>. Burðarvirki eru steyptrir veggir á steypnum sökkli og gólfplötu. Húsið er klætt að utan með loftaðri aluzink málmklæðningu. Þak eru kraftsperrur klæddar með loftaðri aluzink málmklæðningu. Hæðir hússins breytast, vegg hæð breytist úr 4,96m en verður 4,76 m. Mænishæð breytist úr 5,98 m en verður 6,26 m. Stærð hússins var 192,8 m<sup>2</sup> skv. fyrra samþykki en verður eftir breytingu 12,24 x 25,24 m eða 308,9 m<sup>2</sup>. Með erindinu fylgdi afstöðumynd, grunnmynd, útlit og snið frá Verkfræðistofu Hauks Ásgeirssonar.  
**Samþykkt með fyrirvara um skil á skráningartöflu á tölvutæku formi.**

# Skipulags- og byggingarfulltrúinn í Eyja- og Miklaholtshreppi og Helgafellssveit

---

18. Önnur mál.

Ekkert var tekið fyrir undir liðnum önnur mál.

Fleira ekki tekið fyrir.

Fundargerð lesin og staðfest.

Fundi slitið kl. 22:25.